Reykjavík

Frístundaheimilið Simbað

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 6
Helstu dagsetningar 7
- Ágúst 7
- September 7
- Október 7
- Nóvember 8
- Desember 8
- Janúar 8
- Febrúar 8
- Mars 9
- Apríl 9
- Maí 9
- Júní 9

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Simbaðs auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Börnin á frístundaheimilinu

- Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar.
- Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.
- Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga.
- Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.

Starfshættir og viðfangsefni

- Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
- Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.
- Dagskipulag er endurmetið reglulega út frá þörfum barnanna. Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.
- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.

Bjargir og Skipulag

- Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundheimilinu hverju sinni.
-

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Mannauður og faglegt starf

- Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.
- Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað, einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnamiðun. Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin

Bjargir og skipulag

- Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.
- Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.
- Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	Mannauður - starfsþróun
Umbótaþáttur/	- Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
Tækifæri til umbóta.	- Bjóða upp á fleiri fræðslur á fundum - Gefa starfsfólki tækifæri á að horfa á fræðslur og tileinka sér frekari þekkingu á vinnutíma og einnig utan vinnutíma gegn því að fá greidda yfirvinnu - Hvetja starfsfólk til að setja sig í aðstæður þar sem þau hafa ekki verið í áður og miðla þekkingu til samstarfsfólks sem og barnanna.
Aðgerðir til umbóta.	- Taka vel á móti nýju starfsfólki og kynna fyrir þeim Torgið og þær fræðslur sem eru í boði þar - Að taka starfsþróunarsamtöl þar sem rætt eru um starfið, líðan starfsfólks og frammistöðu - Upplýsa allt starfsfólk reglulega ef nýjar fræðslur eru komnar á Torgið og horfa á þær saman á fundi og ígrunda eftir á
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – Júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmat fer fram reglulega og metið útfrá starfinu og í gegnum starfsþróunarsamtöl hvort fræðslurnar séu að nýtast í og ef ekki þá þarf að finna leiðir með starfsfólki til þess að fræðslur verið gagnlegar.
Viðmið um árangur.	- Fræðsla fer fram 1x í mánuði - Starfsfólk upplýst um Torgið og hvar er hægt að nálgast efnið - Allt starfsfólk eru virkir þátttakendur á fundum og tjái sig um mál sem koma upp.

Heiti aðgerðar:	Mannauður - samskipti
Umbótaþáttur.	- Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað, einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnamiðun. Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin
Tækifæri til umbóta.	- Starfsfólk gefi sér tíma í að ræða við börnin á þeirra forsendum þegar atvik koma upp en einnig í frjálsum leik til þess að bæta starfið. - Sýna frekari samkennd til barnanna og starfsfólks
Aðgerðir til umbóta.	- Hlúa betur að börnunum í gegnum óformlegt spjall og ræða við foreldra ef við á - Starfsfólk þarf að einblína á það jákvæða sem börnin eru að gera og hrósa markvisst fyrir það - Útbúa skýrt verklag þegar þarf að taka börn úr aðstæðum og sinna viðeigandi eftirfylgni - Hver dagur er ‘‘nýr‘‘ hjá okkur og er aldrei framhald af skólanum né gærdeginum. - Hrósa barni í nærveru foreldra eða við foreldri
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Á reglulegum starfsmannafundum um hvað börn og starfsfólk eru að gera vel, hrósa sérstaklega fyrir það.
Viðmið um árangur.	- Óformlegt spjall við börnin og starfsfólk á sér reglulega stað - Barni og samstarfsfélaga hrósað a.m.k. 1x í mánuði

Heiti aðgerðar:	Skipulag
Umbótaþáttur.	- Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.
Tækifæri til umbóta.	- Bjóða uppá fleiri svæði þar sem við getum dreift börnunum betur og boðið uppá fjölbreytt viðfangsefni sem höfðar til ólíkra hópa og þau hafi skýrt aðgengi að þeim svæðum vikulega - Markviss útivera þar sem útileikur er skipulagður með það í huga að sem flestir geti tekið þátt og starfsfólk sé með í leiknum og ekki áhorfandi
Aðgerðir til umbóta.	- Ræða við skólann um rými svo við getum dreift þeim betur - Hafa útileiki aðgengilega fyrir starfsfólk til að grípa í og fá börnin með í að skipuleggja og hvetja þau hlédrægu börn í að taka þátt (Virkja börnin!!!!!!)
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Desember 2026 – Júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	- Endurmat fer reglulega fram á starfsmannafundum og í gegnum barnalýðræði hvort börnin séu virkari útfrá þátttöku og hvort það er verið sækjast í sem flest svæði.
Viðmið um árangur.	- Aukning verið á þátttöku barna í markvissum útileikjum skv. reglulegri skráningu - Hljóðvist batnar með því að dreifa börnunum frekar og kvörtunum frá þeim og starfsfólki fækkar.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Simbað nýtir hugmyndafræði frístundalæsis með markvissum hætti í starfinu, þar sem unnið er með ólíkar tegundir læsis. Í hverjum mánuði er lögð áhersla á ákveðna tegund læsis og fjölbreytt verkefni valin sem börnin fá tækifæri til að vinna með. Með þessum hætti læra börnin í gegnum reynslu, fá tækifæri til að tjá sig og efla sjálfstæði sitt í daglegu starfi.

Við leggjum mikla áherslu á útiveru og að börnin öðlist tengingu við nærumhverfið. Reglulega bjóðum við upp á útieldun, útibingó og fjölbreytta leiki sem gefa börnunum tækifæri til að prófa nýja hluti, uppgötva og læra í gegnum leik og reynslu. Við leggjum áherslu á að skapa börnunum vettvang til að framkvæma og prófa sig áfram með leiðsögn starfsfólks.

Barnalýðræði er einnig mikilvægur þáttur í starfinu. Við leggjum áherslu á að börnin fái tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa raunveruleg áhrif á starfsemina. Það getur meðal annars snúið að vali á leikföngum, síðdegishressingu, útiveru eða dagskrá starfsins. Allir bekkir fá jöfn tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og við leggjum okkur fram um að mæta þörfum barnanna með hliðsjón af aldri þeirra og þroska. Markmiðið er að nýta tímann sem best og skapa öllum börnum öruggt og hvetjandi umhverfi þar sem þau fá að njóta sín.

Helstu dagsetningar

Ágúst

- ✓ Sumarfrístund endar
- ✓ Vetrarstarf hefst
- ✓ Yfirfara dót og endurskoða
- ✓ Merkja snaga
- ✓ Skoða valtöflu
- ✓ Yfirfara sjónrænt skipulag
- ✓ Útileikur mánaðarins – Ein Króna

September

- ✓ 4. september - Treyjudagurinn
- ✓ 30. september – Lengd viðvera
- ✓ Smiðju og klúbbastarf hefst
- ✓ Íþróttahús hefst
- ✓ Útileikur mánaðarins – Lögga og bófi
- ✓ Senda út fréttabréf um starfið og dagskrá
- ✓ Barnaráð

Október

- ✓ 1.október – Lengd viðvera
- ✓ 30. október – Hrekkjavaka
- ✓ Hrekkjavökuskreyting
- ✓ Draugahús útbúið
- ✓ Bleikur dagur
- ✓ Leikskólaheimsókn
- ✓ Vetrarfrí
- ✓ Grunnfræðsla

- ✓ Félagsleg staða barna metin
- ✓ Barnaráð
- ✓ Útileikur mánaðarins - Könglakapp
- ✓ Senda út fréttabréf um starfið og dagskrá

Nóvember

- ✓ 10. nóvember – Kleinudagurinn
- ✓ 20. nóvember – Dagur mannréttinda
- ✓ 25. nóvember - Lengd viðvera
- ✓ Baráttudagur gegn einelti
- ✓ Fréttaklúbbur hefst
- ✓ Barnaráð
- ✓ Útileikur mánaðarins – Köttur og mús
- ✓ Ferð í skemmtigarðinn með 3 og 4. bekk
- ✓ Afmælishátíð barna í ágúst, september, október og nóvember
- ✓ Senda út fréttabréf um starfið og dagskrá

Desember

- ✓ Leikskólaheimsókn
- ✓ Útileikur mánaðarins – Dýragarðurinn
- ✓ Snjóhúsagerð
- ✓ Starfsþróunarsamtöl
- ✓ Fréttaklúbbur
- ✓ Lengd viðvera – Jólatörn
- ✓ Jólaföndur
- ✓ Jólaskreyting
- ✓ Piparkökugerð með fjölskyldum
- ✓ Jólapeysudagur
- ✓ Ferð með 1 – 4. bekk í gufunesbæ
- ✓ Senda út fréttabréf um starfið og dagskrá

Janúar

- ✓ Útileikur mánaðarins – Hvísluleikurinn
- ✓ Senda út fréttabréf um starfið og dagskrá
- ✓ Bóndadagur
- ✓ Félagsleg staða barna
- ✓ Fréttaklúbbur
- ✓ Barnaráð
- ✓ Lengd viðvera 27. janúar

Febrúar

- ✓ Útileikur mánaðarins – Mennskur Hnútur
- ✓ Senda út fréttabréf um starfið og dagskrá
- ✓ Barnaráð
- ✓ Fréttaklúbbur
- ✓ Konudagur
- ✓ Bolludagur
- ✓ Sprengidagur
- ✓ Öskudagur
- ✓ Vetrarleyfi

- ✓ Glitrandi dagur 26. febrúar
- ✓ Leikskólaheimsóknir
- ✓ Lengd viðvera 8. febrúar

Mars

- ✓ Útileikur mánaðarins – Hlaupa í skarðið
- ✓ Senda út fréttabréf um starfið og dagskrá
- ✓ Viðburður fyrir foreldra
- ✓ Fréttaklúbbur
- ✓ Downs dagurinn 21. mars
- ✓ Barnaráð
- ✓ Félagsleg staða barna
- ✓ Afmælishátíð barna í desember, janúar, febrúar og mars
- ✓ Lengd viðvera – Dymbilvika
- ✓ Páskaföndur

Apríl

- ✓ Útileikur mánaðarins – Dimmalimm
- ✓ Menntastefnumót 27. apríl
- ✓ Senda út fréttabréf um starfið og dagskrá
- ✓ Fréttaklúbbur
- ✓ Leikskólaheimsóknir
- ✓ Skráning í sumarfrístund hefst

Maí

- ✓ Útileikur mánaðarins – Fallin spýta
- ✓ Senda út fréttabréf um starfið og dagskrá
- ✓ Fréttaklúbbur
- ✓ Skilafundir með leikskólum
- ✓ Vorskólinn – Kynning fyrir foreldra barna sem eru að koma í 1. bekk
- ✓ Lengd viðvera 18. maí

Júní

- ✓ Útileikur mánaðarins – Stórfiskaleikur
- ✓ Afmælishátíð barna í apríl, maí, júní og júlí
- ✓ Vetrarstarf klárast
- ✓ Sumarstarf hefst